

Nd.

415. Frumvarp til laga

[221. mál]

um Þjóðleikhús.

(Lagt fyrir Alþingi á 96. löggjafarþingi, 1974—75.)

1. gr.

Þjóðleikhúsið er eign íslensku þjóðarinnar.

2. gr.

Í Þjóðleikhúsinu skal iðka leiklist og þær listgreinar aðrar, sem leiksviði eru tengdar.

Þjóðleikhúsið skal í starfsemi sinni leitast við að vekja og auka áhuga landsmanna á þessum listgreinum, vinna að sýbatnandi skilyrðum fyrir þær og stuðla að þróun þeirra. Það skal kosta kapps um að efla íslenska leikritun og vera til fyrirmyndar um listrænan flutning viðfangsefna og meðferð íslenskrar tungu.

3. gr.

Aðalhlutverk Þjóðleikhússins skal vera flutningur íslenskra og erlendra sjónleika. Auk þess skal það árlega flytja óperu og sýna listdans.

Á hverju leikári skulu eitt eða fleiri viðfangsefni sérstaklega ætluð börnum.

4. gr.

Þjóðleikhúsið heyrir undir menntamálaráðuneytið.

5. gr.

Þjóðleikhúsráð skal þannig skipað:

Í upphafi fyrsta þings eftir hverjar alþingiskosningar kýs Sameinað Alþingi níu fulltrúa í ráðið.

Bandalag íslenskra listamanna kýs þrjá fulltrúa (einn tónlistarmann, einn listdansara, einn rithöfund),

Félag íslenskra leikara kýs þrjá fulltrúa,

Leikarafélag Þjóðleikhússins kýs einn fulltrúa og

menntamálaráðherra skipar einn fulltrúa.

Þjóðleikhúsráð kýs sér sjálft formann.

6. gr.

Starfstímabil þjóðleikhúsráðs er allt að fjögur ár og miðast við kosningu Alþingis í ráðið. Þjóðleikhúsráð heldur þó jafnan umboði sínu, uns nýtt þjóðleikhúsráð er fullskipað. Ef eitthvert félag eða bandalag, sem aðild á að ráðinu, kýs eigi fulltrúa í það innan tveggja mánaða frá því, að menntamálaráðuneytið æskir þess, skipar ráðuneytið fulltrúa, á meðan svo stendur.

Þjóðleikhúsráð kemur saman til reglulegs fundar tvisvar sinnum á ári.

Þjóðleikhússtjóri og fjármálafulltrúi leikhússins eiga sæti á fundum þjóðleikhúsráðs með málfrelsi og tillögurétti, en eigi atkvæðisrétti.

Formaður þjóðleikhúsráðs kveður ráðið til fundar. Skylt er að boða til fundar, ef fimm ráðsmenn hið fæsta æskja þess.

7. gr.

Þjóðleikhúsráð hefur eftirlit með starfsemi Þjóðleikhússins. Starfs- og fjárhagsáætlun leikhússins fyrir komandi leikár skal lögð fyrir ráðið eigi síðar en í marsmánuði ár hvert. Staðfestir ráðið áætlunina með þeim breytingum, sem það telur rétt að gera. Ef sýnt þykir, að samþykkt áætlun fái ekki staðist, skal þegar í stað gera þjóðleikhúsráði aðvart og leggja fyrir það tillögur um nauðsynlegar breytingar. Er ráðinu skylt að fjalla um tillögurnar, svo fljótt sem við verður komið.

8. gr.

Við Þjóðleikhúsið skal starfa fimm manna framkvæmdaráð. Í því eiga sæti: Formaður þjóðleikhúsráðs, sem er jafnframt formaður framkvæmdaráðs.

Þjóðleikhússtjóri.

Fjármálafulltrúi Þjóðleikhússins.

Sá af fulltrúum Félags íslenskra leikara í þjóðleikhúsráði, sem félagið ákveður. Fulltrúi Leikarafélags Þjóðleikhússins í þjóðleikhúsráði.

9. gr.

Framkvæmdaráð fjallar um starfs- og fjárhagsáætlun leikhússins og samþykkir hana með þeim breytingum, er það kann að gera, áður en hún er lögð fyrir þjóðleikhúsráð. Starfs- og fjárhagsáætlun samkvæmt 7. gr. skal lögð til grundvallar við fjárveitingar til leikhússins. Framkvæmdaráðið sér um, að staðfestri áætlun sé framfylgt, og fjallar auk þess um þau mál, er leikhúsið varða og upp eru borin á fundum þess.

Ef þjóðleikhússtjóri vill ekki sætta sig við ákvörðun meiri hluta framkvæmdaráðs, getur hann skotið málinu til þjóðleikhúsráðs.

Framkvæmdaráð er ábyrgt gagnvart þjóðleikhúsráði.

Framkvæmdaráð kemur að jafnaði saman til fundar tvisvar í mánuði, að undanteknum júlí- og ágústmánuðum.

Þjóðleikhúsráð og framkvæmdaráð skulu halda gjörðabækur um störf sín.

Menntamálaráðherra ákveður þóknun fyrir störf í framkvæmdaráði, en þjóðleikhúsráð er ólaunað.

10. gr.

Menntamálaráðherra ræður þjóðleikhússtjóra til fjögurra ára í senn, sbr. þó 16. gr. Ráðinn skal maður með staðgöða þekkingu á starfi leikhúsa. Starfið skal auglýsa samkvæmt lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins og leita síðan umsagnar þjóðleikhúsráðs. Endurnýja má ráðningu þjóðleikhússtjóra einu sinni til næstu fjögurra ára, ef meiri hluti þjóðleikhúsráðs mælir með því. Ella skal ráða annan þjóðleikhússtjóra, eftir að starfið hefur verið auglýst að nýju og að fenginni umsögn þjóðleikhúsráðs.

Laun þjóðleikhússtjóra og annarra starfsmanna Þjóðleikhússins skulu ákveðin samkvæmt lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

11. gr.

Við Þjóðleikhúsið skal starfa fjármálafulltrúi, er menntamálaráðuneytið skipar, eftir að starfið hefur verið auglýst og að fenginni umsögn þjóðleikhúsráðs og þjóðleikhússtjóra.

Fjármálafulltrúi annast fjárreiður Þjóðleikhússins, reikningsskil og skrifstofustjórn. Hann er ráðunautur þjóðleikhússtjóra um fjármál og rekstur leikhússins.

12. gr.

Þjóðleikhússtjóri ræður leikara, söngvara, listdansara og aðra listamenn leikhússins svo og aðra starfsmenn þess. Hann gerir við þá starfssamninga í samráði við fjármálafulltrúa leikhússins.

13. gr.

Við Þjóðleikhúsið skulu starfa bókmennta- og leiklistarráðunautur (dramaturg), tónlistarráðunautur og listdansstjóri (balletmeistari). Ræður þjóðleikhússtjóri þá til jafnlangs tíma og hann er sjálfur ráðinn.

14. gr.

Þjóðleikhússtjóri er stjórnandi leikhússins og hefur forystu um að móta listræna stefnu þess. Þjóðleikhússtjóri semur starfs- og fjárhagsáætlun leikhússins með aðstoð fjármálafulltrúa og bókmennta- og leiklistarráðunautar og leggur hana fyrir framkvæmdaráð.

Þjóðleikhússtjóri stjórnar leikhúsinu samkvæmt samþykktri starfs- og fjárhagsáætlun og ber ábyrgð á rekstri þess, bæði listrænum og fjárhagslegum. Um fjárhagslega framkvæmd er fjármálafulltrúi til aðstoðar honum, en bókmennta- og leiklistarráðunautur, að því er tekur til listrænnar starfsemi. Einnig skal hafa samráð við tónlistarráðunaut um val og flutning á óperum og söngleikjum, svo og við listdansstjóra, að því er listdans varðar.

Við samningu verkefnaskrár skal þess vandlega gætt, að nýting starfskrafta sé hagkvæm og að fullt tillit sé tekið til listrænnar velferðar og þroska listamannanna.

15. gr.

Miða skal við, að svo margir leikarar, söngvarar og listdansarar starfi við Þjóðleikhúsið, að það geti að staðaldri leyst af hendi þau verkefni, sem því ber að rækja samkvæmt lögum þessum. Við Þjóðleikhúsið skal starfa blandaður kór.

16. gr.

Leikár Þjóðleikhússins telst frá 1. september til 31. ágúst. Ráðningartími leikara, söngvara, listdansara og annarra listamanna leikhússins skal fara eftir gildandi samningum við stéttarfélög hlutaðeigandi listamanna.

Þjóðleikhússtjóri skal ráðinn og launaður frá 1. janúar og eiga þess kost að fylgjast með starfsemi leikhússins til loka þess leikárs. Hann undirbýr starfs- og fjárhagsáætlun fyrir næsta leikár og fer með atkvæði þjóðleikhússtjóra í framkvæmdaráði, þegar þar er um hana fjallað, en tekur að fullu við störfum í upphafi nýs leikárs.

17. gr.

Þeir starfsmenn Þjóðleikhússins, sem ráðnir eru til eins árs hið skemmsta eða með þriggja mánaða uppsagnarfresti, greiða iðgjöld til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og njóta þar sömu réttinda sem aðrir sjóðfélagar. Fastráðnir starfsmenn Þjóðleikhússins, sem hafa áður unnið hliðstæð störf í þágu íslenskrar leiklistar, skulu einnig eiga kost á að njóta eftirlaunaréttar fyrir þann starfstíma. Ráðherra ákveður réttindatíma hvers og eins, eftir að leitað hefur verið upplýsinga og tilgagna Félags íslenskra leikara og umsagnar stjórnar Lífeyrissjóðsins.

18. gr.

Þjóðleikhúsráð tekur þátt í stofnun og rekstri leikmunasafns ásamt sjónvarpsdeild Ríkisútvarpsins. Veita skal Leikfélagi Reykjavíkur og öðrum leikfélögum kost á aðild að safninu, ef um það næst samkomulag við menntamálaráðuneytið. Við gerð starfs- og fjárhagsáætlunar Þjóðleikhússins skal miðað við, að nægileg fjárhæð gangi til að greiða kostnað þess af leikmunasafninu.

Í leikmunasafni skal safnað saman, eftir því sem ástæða þykir til, búningum og sviðsbúnaði, sem notaður hefur verið við sýningar Þjóðleikhússins og sjónvarpsdeildar Ríkisútvarpsins svo og annarra leikfélaga, sem aðild eiga að safninu. Skulu safnmunir þessir leigðir leikfélögum landsins til notkunar við sýningar, og ákveður stjórn safnsins leigu og önnur viðskiptakjör. Safnið skal hafa í þjóðustu sinni leiktjaldamálara og búningateiknara. Starfsemi safnsins skal miðuð við, að hún verði leiklist í landinu að sem mestu liði og að það fjármagn, sem til þessara hluta er varið, nýtist sem best.

Menntamálaráðuneytið setur safninu reglugerð, þar sem m. a. skal ákveðið, hvernig stjórn þess og forstöðu skuli háttað.

Þangað til leikmunasafni hefur verið komið á fót, skal Þjóðleikhúsið leigja leikfélögum leiktjöld, búninga o. fl. eftir því sem stjórn Þjóðleikhússins telur við verða komið.

19. gr.

Þjóðleikhúsið skal kappkosta að hafa samstarf við leikfélög áhugamanna, láta þeim í té gistileikara og leikstjóra til leiðbeininga, eftir því sem unnt er. Gera skal leikfélögum áhugamanna kleift að fylgjast með starfi Þjóðleikhússins. Á vegum Þjóðleikhússins skulu árlega farnar á starfstíma þess leikferðir sem víðast um landið. Einnig skulu farnar leikferðir til annarra landa og fengnir hingað erlendir listamenn, hvort tveggja eftir því sem aðstæður leyfa.

20. gr.

Kostnaður af rekstri Þjóðleikhússins skal greiddur úr ríkissjóði, eftir því sem ákveðið er í fjárlögum og aflafé leikhússins hrekkur ekki til.

21. gr.

Þegar þjóðleikhúsbýggingin er ekki notuð til þeirrar starfsemi, sem lög þessi fjalla um, má nota hana til annarrar menningarstarfsemi.

22. gr.

Þjóðleikhúsbýggingin stendur ekki til tryggingar skuldbindingum Þjóðleikhússins.

23. gr.

Menntamálaráðuneytið getur sett í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

24. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 86 5. júní 1947, um Þjóðleikhús, og 6. gr. laga nr. 15 15. mars 1965, um fjárhagslegan stuðning við leiklistarstarfsemi áhugamanna, svo og önnur ákvæði, sem kunna að hrjóta í hága við lög þessi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp til laga um Þjóðleikhús var lagt fyrir Alþingi sem stjórnarfrumvarp árið 1971 á 91. löggjafarþingi, en varð eigi út rætt. Aftur kom það fyrir næsta þing óbreytt og þá flutt af menntamálanefnd efri deildar, að beiðni menntamálaráðherra. Eigi varð frumvarpið heldur útrætt á því þingi.

Frumvarpið kemur nú fyrir Alþingi í þriðja sinn og hefur ráðuneytið gert á því nokkrar breytingar. Nú er miðað við að sameinað þing kjósi fulltrúa Alþingis í ráðið hlutfallskosningu í stað þess að þingflokkarnir tilnefni þá. En gert er ráð fyrir eins og áður að allir þingflokkar eigi fulltrúa í ráðinu. Í fyrri gerð frumvarpsins stóð að menntamálaráðherra ákveði þóknun þess, en nú er mælt fyrir um að ráðið skuli vera ólaunað. Fellð eru niður ákvæði um stofnun leiklistar-, sönglistar- og listdansskóla en lagt verður fram sérstakt lagafrumvarp um

leiklistarskóla. Einnig er felld burtu ákvæði um að Þjóðleikhúsið skuli koma sér upp öðru leiksviði til eflingar starfsemi sinni, þar eð það hefur verið gert síðan frumvarpið var samið. Loks eru felld brott ákvæði til bráðabirgða, sem eiga ekki lengur við.

Í nefndinni, sem samdi frumvarpið áttu sæti:

Birgir Thorlacius, ráðuneytisstjóri, formaður,
Baldvin Tryggvason, framkvæmdastjóri og
dr. Þórður Eyjólfsson, fv. hæstaréttardómari.

Greinargerð sú, sem fylgdi frumvarpinu frá nefndinni sem samdi það, fer hér á eftir nema hvað felld eru niður atriði, sem varða ákvæði, sem ekki eru lengur í frumvarpinu.

„Um leið og nefnd sú, sem menntamálaráðherra, dr. Gylfi Þ. Gíslason, skipaði hinn 6. febrúar 1970 til þess að endurskoða lög og reglugerð um Þjóðleikhús, skilar (23. mars 1971) meðfylgjandi frumvarpi, vill hún taka fram eftirfarandi um frumvarpið og störf sín:

Nefndin hefur leitast við að kynna sér viðhorf sem flestra þeirra, sem gerst eiga að þekkja til leikhúsmála hér á landi. Í því skyni átti nefndin m. a. viðræðufundi, áður en hún samdi frumvarpið, með þjóðleikhúsráði, þjóðleikhússtjóra, stjórn Félags ísl. leikara og sérstakri nefnd á vegum þess, stjórn Bandalags ísl. listamanna, stjórn Félags íslenskra listdansara, framkvæmdastjóra Bandalags íslenskra leikfélaga (stjórnin gat eigi komið til viðræðna), stjórn Þjóðleikhúskórsins og stjórn Leikfélags Reykjavíkur. Eftir að hugmyndir nefndarinnar höfðu verið felldar í frumvarpsform, ræddi hún á ný við þá aðila, sem að framan eru nefndir, og leitaðist við að sameina í frumvarpinu þær hugmyndir, sem hún og aðrir töldu vænlegastar til þess að verða grundvöllur fyrir starfsemi Þjóðleikhússins með það fyrir augum, að stofnunin mætti sjálf vaxa og eflast og verða um leið öðrum aðilum, sem við sömu listgreinar fást í landinu, til stuðnings. Þess ber að geta, að samstarf við þá aðila, sem við höfum leitað til, hefur verið mjög ánægjulegt og hvergi gætt annarra sjónarmiða en þeirra, sem verða mættu til eflingar þeirri menningarstarfsemi, sem Þjóðleikhúsið sinnir og er ætlað að sinna. Nefndin væntir, að framangreindir aðilar og aðrir telji frumvarpið til bóta í höfuðatriðum, en hún ein ber ábyrgð á efni þess að öllu leyti. Nefndin tekur fram, að reglugerð Þjóðleikhúss hefur hún ekki endursamið eða samið nýja, meðan ekki er vitað, hvaða ákvæði Alþingi kann að lögfesta um Þjóðleikhús.

Löggjöfin um Þjóðleikhús er frá 5. júní 1947 (nr. 86) og reglugerðir samkvæmt henni frá 23. september 1949 (nr. 162), sbr. reglugerð frá 12. janúar 1951 (nr. 6), reglugerð frá 8. september 1953 (nr. 163) og reglugerð frá 17. nóvember 1958 (nr. 167).

Þjóðleikhúsið hóf leiksýningar 20. apríl 1950 og hefur því starfað 21 ár (1971). Á þessu tímabili hefur fengist mikilsverð reynsla um rekstur þess. Leikhúsið hefur oft átt í fjárhagserfiðleikum, þrátt fyrir mikla aðsókn og vaxandi leiklistaráhuga landsmanna, enda munu fáir ætlast til þess, að Þjóðleikhús verði rekið fyrir eigin tekjur einungis. Um verkefni leikhússins frá upphafi, aðsókn að því, fjárhagsafkomu hvers árs, sætanýtingu og aðgöngumiðaverð vísast til fylgiskjala I—V.

Frá öndverðu til ársins 1970 starfaði Þjóðleikhúsið fyrir eigið aflafé og hlutdeild í skemmtanaskatti, en síðan er því, auk eigin tekna, ætlað framlag í fjárlögum, en skemmtanaskatturinn rennur nú að mestu leyti í félagsheimilásjóð, en lítill hluti til Sinfóníuhljómsveitar Íslands, sbr. lög nr. 58/1970.

Í frumvarpi þessu felast margháttáðar breytingar frá gildandi löggjöf um Þjóðleikhús og eru þessar helztar:

- 1) Kveðið er skýrar á um það en áður, að þótt flutningur leikrita sé aðalhlutverk Þjóðleikhússins, beri því einnig að flytja óperur og sýna listdans að staðaldri og að á hverju leikári skuli eitt eða fleiri viðfangsefni sérstaklega ætluð börnum.

- 2) Skipan Þjóðleikhúsráðs er gjörbreytt. Starfstímabil þess er tímabundið og fulltrúum í því fjölgað til þess að það geti orðið vettvangur sem flestra þeirra, er leikhúsreksturinn varðar.
- 3) Myndað er fimm manna framkvæmdaráð, þ. e. 4 auk Þjóðleikhússtjóra.
- 4) Þjóðleikhússtjóra skal ráða til fjögurra ára í senn og má endurráða sama mann einu sinni, þannig að enginn getur gegnt þessum starfa samfelld lengur en átta ár.
- 5) Ráða skal leikhúsinu bókmennta- og leiklistarráðunaut (dramaturg), listdansstjóra (balletmeistara) og tónlistarráðunaut.
- 6) Miða skal við, að svo margir leikarar, söngvarar og listdansarar starfi við Þjóðleikhúsið, að það geti jafnan leyst af hendi þau verkefni, sem því ber að sinna.
- 7) Lögfest sé, að blandaður kór starfi við leikhúsið.
- 8) Leikárið verði framvegis frá 1. september til 31. ágúst, en eigi frá júlíbyrjun til júníloka eins og nú.
- 9) Þjóðleikhúsi og sjónvarpi er ætlað að koma á fót leikmunasafni, er Leikfélag Reykjavíkur og önnur leikfélög geta gerzt aðilar að, en safnið leigi búninga, leiktjöld og annan sviðsbúnað til leikfélaga.
- 10) Lögð er áherzla á aukið samstarf Þjóðleikhússins við leikfélög áhugamanna, t. d. með því að láta þeim í té leikstjóra og gistileikara.
- 11) Árlega skulu farnar leikferðir um landið á starfstíma Þjóðleikhússins.

Nefndin hefur ekki gert áætlun um kostnaðarauka þann, er af frumvarpinu myndi leiða. Fer mjög um það eftir því, hve ört breytingarnar koma til framkvæmda og hvernig starfsemi leikhússins er hagað. Öllum er væntanlega ljóst, að Þjóðleikhús verður aldrei rekið nema með allmiklum kostnaði, þótt gætt sé hinnar mestu hagsýni. Hitt verður fjárveitingavaldið að veða og meta hverju sinni, hve miklum fjármunum það vill verja til leikhússins. En nefndin hefur leitast við að marka með frumvarpinu þá stefnu, sem hún telur að myndi verða Þjóðleikhúsinu og þeim listgreinum, sem því eru tengdar, til eflingar og þroska.

Að því er varðar einstakar greinar frumvarpsins tekur nefndin fram:

Um 1. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 2. gr.

Ætlazt er til, að í Þjóðleikhúsinu verði, auk leikrita, fluttar óperur og sýndir listdansar að staðaldri, þannig að betri grundvöllur skapist til þróunar þessara listgreina hér á landi en verið hefur. Báðum þessum listgreinum hefur Þjóðleikhúsið að vísu sinnt, en öruggan grundvöll hefur skort til þess að iðkun þeirra yrði fastur og veigamikill liður í starfsemi leikhússins. Með reglubundnum óperuflutningi og listdanssýningum verður starf leikhússins fjölbreyttara, nær til fleiri áhorfenda og verður starfsvettvangur fleiri íslenskra listamanna. Góða söngvara hefur þjóðin lengi átt og á seinni tímum einnig ágæta listdansara. Á sama hátt og Sinfóníuhljómsveit Íslands er miðstöð og kjarni íslensks tónlistarlífs, þurfa við Þjóðleikhúsið að myndast vel þjálfaðir hópar söngvara og listdansara, sem geta ýmist einir eða ásamt erlendum gistilistamönnum veitt leikhúsgestum færi á að kynnst óperum og danslist í ríkara mæli en nú er. Gert er ráð fyrir, að óperettur og aðrir söngleikir verði meðal verkefna Þjóðleikhússins.

Um 3. gr.

Aðalhlutverk Þjóðleikhússins er flutningur íslenskra og erlendra sjónleika og um óperuflutning og listdans vísast til umsagnar um 2. gr. Veigamiklið atriði er það í 3. gr. að Þjóðleikhúsinu skuli á hverju leikári ætlað að flytja eitt eða fleiri

viðfangsefni fyrir hörn. Telur nefndin þýðingarmikið, að þessi starfsemi verði efld mjög. Myndi það væntanlega bæði leiða til þess, að fleiri barnaleikrit yrðu frumsamin á Íslandi og til aukinna þýðinga á erlendum barnaleikritum. Áriðandi er að sjá börnum fyrir góðum og menningarlegum skemmitunum og því má heldur ekki gleyma, að þau eru leikhúsgestir framtíðarinnar.

Um 4. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 5. gr.

Samkvæmt gildandi lögum er Þjóðleikhúsráð þannig skipað, að hver fjögurra stærstu stjórnmalaflokka landsins nefnir einn mann í ráðið, en Félag Íslenskra Leikara einn. Menntamálaráðherra skipar síðan einhvern þeirra formann ráðsins. Skipun ráðsins er ótímabundin. Á þessu eru gerðar miklar breytingar í frumvarpinu. Ætlast er til, að sameinað Alþingi kjósi hlutfallskosningu 9 fulltrúa í ráðið og er þá miðað við að allir þingflokkar eigi þar fulltrúa. Samkvæmt frumvarpinu ræður Alþingi hvort það kys listamenn, stjórnmalamenn eða aðra af sinni hálfu í Þjóðleikhúsráð. Þá er **Bandalagi Íslenskra Listamanna** ætlað að kjósa þrjá fulltrúa, einn tónlistarmann, einn listdansara og einn rithöfund. Félag Íslenskra Leikara kys þrjá fulltrúa og Leikarafélag Þjóðleikhússins einn. Menntamálaráðherra skipar einn fulltrúa í ráðið, en Þjóðleikhúsráð kys sér sjálft formann.

Samkvæmt þessu myndu 17 menn með atkvæðisrétti eiga sæti í Þjóðleikhúsráði. Þetta kann að þykja nokkuð fjölmennt ráð, en nefndin taldi æskilegt að allir þeir aðilar, sem hér eru nefndir, ættu fulltrúa á þeim vettvangi þar sem mótuð er stefna í starfi Þjóðleikhússins, og hefðu e. t. v. þurft að vera fleiri. Hins vegar er þessu fjölmenna ráði ekki ætlað að blanda sér í daglega stjórn leikhússins, heldur gert ráð fyrir að formaður þjóðleikhúsráðs, þjóðleikhússtjóri, fjármálafulltrúi leikhússins, einn af fulltrúum **Félags Íslenskra Leikara** og fulltrúi Leikarafélags Þjóðleikhússins myndi framkvæmdaráð, sem ætlazt er til að komi að jafnaði saman tvisvar í mánuði, en þjóðleikhúsráð aftur á móti tvisvar á ári.

Um 6. gr.

Hér er starfstímabil þjóðleikhúsráðs ákvæðið allt að fjögur ár frá þeim tíma, er Alþingi kys í ráðið eftir hverjar alþingiskosningar, en fráfarandi þjóðleikhúsráð heldur þó umboði sínu þangað til nýtt ráð er fullskipað. Ef eitthvert félag eða bandalag, sem aðild á að ráðinu, kys ekki fulltrúa í það innan tveggja mánaða frá því að menntamálaráðuneytið æskir þess, skipar ráðuneytið sjálft í ráðið á meðan svo stendur, en sá eða þeir fulltrúar víkja óðara sæti þegar aðili sá, sem vanrækti eða neitaði að kjósa í ráðið, hefur bætt úr því. Þetta ákvæði er sett til þess að tryggja, að þjóðleikhúsráð verði ekki gert óstarfhæft með því að félag eða bandalag láti vera að kjósa í það. Þessi ákvæði taka ekki til fulltrúa Alþingis.

Þjóðleikhússtjóra og fjármálafulltrúa leikhússins er ætlað sæti í þjóðleikhúsráði með málfrelsi og tillögurétti, en eigi hafa þeir þar atkvæðisrétt. Fjármálafulltrúi er nýtt heiti á starfi skrifstofustjóra Þjóðleikhússins með breyttu verksviði.

Um 7. gr.

Verkefni þjóðleikhúsráðs samkvæmt frumvarpinu er að hafa eftirlit með starfsemi leikhússins. Það fjallar um starfs- og fjárhagsáætlun leikhússins fyrir komandi leikár og staðfestir hana með þeim breytingum, sem því þykir rétt að gera. Áætlunina hefur þjóðleikhússtjóri samið með aðstoð fjármálafulltrúa og bókmennta- og leiklistarráðunauts og framkvæmdaráð samþykkt. Fyrr kemur hún ekki til kasta þjóðleikhúsráðs. Ef framkvæmdaráð þykir sjá, að samþykkt starfs- og fjárhagsáætlun muni eigi standast, skulu gerðar tillögur til þjóðleikhúsráðs um úrbætur í

Því efni. Rekstur Þjóðleikhúss er ýmsu háður, sem lítt verður séð fyrir, svo sem um aðsókn og tekjur af sýningum. Eru því ávallt líkur á, að áætlanir langt fram í tímann raskist verulega og þarf þá að marka nýja stefnu. En ætlazt er til, að ekki verði vikið frá samþykktri starfs- og fjárhagsáætlun, heldur semji þeir aðilar, sem henni eiga að ráða, nýja áætlun. Með því móti á að vera tryggt, að ekki verði vikið frá þeirri stefnu, sem Þjóðleikhúsráð markar í starfi og fjármálum leikhússins, án þess að ráðið fjalli um þau vandamál eða viðfangsefni, sem ófyrirséð viðhorf kunna að skapa, svo sem ef leikhúsið verður fyrir óvæntum skakkaföllum fjárhagslega.

Um 8. gr.

Visast til þess, sem sagt er um 5. og 7. gr.

Um 9. gr.

Visast að mestu til umsagnar um 5. og 7. gr. Til viðbótar er þó rétt að taka fram, að í frumvarpsgreininni er miðað við, að við undirbúning og afgreiðslu fjárlaga verði samþykkt starfs- og fjárhagsáætlun Þjóðleikhússins fyrir komandi ár lögð til grundvallar fjárveitingum. Þá er einnig rétt að geta þess, að Þjóðleikhúsráð hefur alla tíð verið ólaunað, og er gert ráð fyrir að svo verði áfram, en að framkvæmdaráð fái greiðslu fyrir störf sín.

Um 10. gr.

Þjóðleikhússtjóri er nú skipaður með sama hætti og aðrir embættismenn ríkisins, en í frumvarpinu er gert ráð fyrir, að hann verði framvegis ráðinn af menntamálaráðherra til fjögurra ára í senn, að undangenginni auglýsingu um starfið með sama hætti og tíðkast um embætti, t. d. með sem næst eins mánaðar umsóknarfresti. Er tekið fram, að ráða skuli mann með staðgóða þekkingu á starfi leikhúsa. Áður en ráðið er í starfið skal leita umsagnar Þjóðleikhúsráðs. Laun Þjóðleikhússtjóra og annarra starfsmanna leikhússins skulu ákveðin með sama hætti og laun opinberra starfsmanna, sbr. lög nr. 55/1962, um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Þjóðleikhússtjóra má endurráða til næstu fjögurra ára, ef meiri hluti Þjóðleikhúsráðs mælir með því. Enginn getur gegnt starfanum lengur samfleytt en átta ár, en heimilt myndi að ráða sama mann enn á ný, ef fjögur ár væru liðin frá því að hann var Þjóðleikhússtjóri.

Það má færa margvísleg rök með og móti þeirri skipan, sem hér er lagt til að lögfest verði um ráðningu Þjóðleikhússtjóra, en starf þetta er svo sérstaks eðlis, að rétt þykir að reyna, hvernig ráðning til tiltölulega stutts tíma gefst, enda hefur komið fram í viðtölum við Þjóðleikhússtjóra, Þjóðleikhúsráð, fulltrúa leikara og fleiri að slík ákvæði séu æskileg.

Um 11. gr.

Við Þjóðleikhúsið starfar nú skrifstofustjóri. Er í frumvarpinu gert ráð fyrir, að þessu starfsheiti verði breytt í fjármálafulltrúi, og annist hann fjárreiður leikhússins, reikningsskil og skrifstofustjórn, og sé ráðunautur Þjóðleikhússtjóra um fjármál og rekstur leikhússins að því er fjármál varðar. Fjármálafulltrúi er fastur starfsmaður, skipaður af ráðuneytinu eftir sömu reglum og aðrir opinberir starfsmenn.

Um 12. og 13. gr.

Við leikhúsið skulu starfa bókmennta- og leiklistarráðunautur (dramaturg), tónlistarráðunautur og listdansstjóri (balletmeistari). Ræður Þjóðleikhússtjóri þá til jafnlangs tíma og hann er sjálfur ráðinn. Að sjálfsögðu getur nýr Þjóðleikhússtjóri endurnýjað ráðningu þessara sömu manna, ef hann vill, en ætlunin er að hver Þjóðleikhússtjóri hafi frjálssar hendur um að velja þessa samstarfsmenn sína. Þá ræður

Þjóðleikhússtjóri einnig leikara, söngvara, listdansara og aðra listamenn leikhússins, svo og aðra starfsmenn þess, sem ekki er sérstaklega tekið fram um að ráðnir séu með öðrum hætti eins og fjármálafulltrúi.

Um 14. gr.

Þjóðleikhússtjóra eru ætluð mikil ráð um stjórn leikhússins og forysta í mótun listrænnar stefnu þess, enda ber hann ábyrgð á rekstri þess, listrænum og fjárhagslegum. Að því er fjármálin varðar, er fjármálafulltrúi honum til aðstoðar, en bókmennta- og leiklistarráðunauturinn, tónlistarráðunautur og listdansstjóri að því er hina listrænu þætti rekstrarins varðar. Þá er sérstaklega til þess ætlazt, að verkefnaskrá sé þannig gerð, að hún tryggji sem hagkvæmasta nýtingu starfskrafta og fullt tillit sé tekið til listrænnar velferðar og þroska listamannanna.

Um 15. gr.

Það er afar þýðingarmikið, að Þjóðleikhúsinu verði ætluð fjárframlög til að ráða svo marga leikara, söngvara og listdansara, að unnt sé að staðaldri að leysa þau verkefni, sem því ber að rækja samkvæmt lögnum. Hér þarf ekki ævinlega að vera um að ræða fastráðið starfslíð, heldur fer um það hverju sinni eftir verkefnavali og starfsáætlun.

Við Þjóðleikhúsið hefur um langt skeið starfað blandaður kór, Þjóðleikhúskórinn, enda er slíkur kór nauðsynlegur fyrir starfsemi leikhússins. Virðist rétt að ákvæði sé í lögum leikhússins um þennan þátt í starfi þess.

Um 16. gr.

Leikár Þjóðleikhússins er samkvæmt gildandi lögum frá júlíbyrjun til júníloka. Þessu er breytt í frumvarpinu í 1. september til 31. ágúst. Þá eru í þessari grein ákvæði um, að ráðningartími leikara, söngvara og listdansara og annarra listamanna leikhússins fari eftir gildandi samningum stéttarfélaga hlutaðeigandi listamanna, og er þetta staðfesting á því sem verið hefur í framkvæmd.

Þau ákvæði þykja eðlileg um viðtakandi þjóðleikhússtjóra, að hann verði ráðinn og launaður frá 1. janúar þess árs, er hann hefur störf, svo að honum gefist kostur á að kynnst vel starfsemi leikhússins áður en hann tekur að fullu við starfi 1. september sama ár. Þetta er nauðsynlegt vegna þess, að hinum nýja þjóðleikhússtjóra er ætlað að undirbúa starfsskrá leikhússins fyrir komandi leikár. Því er honum ætlað að fara með atkvæði þjóðleikhússtjóra í framkvæmdaráði um allt er lýtur að undirbúningi starfseminnar á komandi leikári, en fráfarandi þjóðleikhússtjóri sinnir að sjálfsögðu öllum málum, sem varða líðandi leikár.

Um 17. gr.

Sams konar ákvæði eru í gildandi lögum.

Um 18. gr.

Í lögum nr. 15/1965, um fjárhagslegan stuðning við leiklistarstarfsemi áhugamanna, er ákvæði í 6. gr. um leikmunasafn. Þykir rétt að færa efni þeirrar laga-greinar í þetta frumvarp og ætla Þjóðleikhúsi og einnig sjónvarpi að koma slíku safni á fót og tryggja Leikfélagi Reykjavíkur og öðrum leikfélögum aðild að safninu, ef þau æskja, en hins vegar virðist ekki rétt að skylda þau til þátttöku, þar sem um einkaaðila er að ræða, þótt fjárhagslegs stuðnings njóti af opinberri hálfu. Hefur reynslan sýnt, að ákvæði 6. gr. laga nr. 15/1965 hafa ekki orðið til þess að leikmunasafn kæmist á fót. Er talið vænlegra til árangurs, að Þjóðleikhús og sjónvarp hafi um þetta forystu. Hér er um afar þýðingarmikla þjónustu að ræða við leikfélög landsins. Ætlazt er til, að búningar, leiktjöld og annar sviðs-

